

Fundur í skólaráði Akurskóla 13. febrúar 2012.

Mættir á fundinn eru: Jónína skólastjóri, Katrín fulltrúi foreldra, Magnús fulltrúi grenndarsamfélags, Eyjólfur og Ástþór fulltrúar nemenda, Guðmundur fulltrúi kennara og Halldóra aðstoðarskólastjóri sem er áheyrnarfulltrúi og ritar fundargerð. Lovísa námsráðgjafi var gestur fundarins og sat umræðu um fyrsta lið.

1. Lovísa kynnir fyrstu niðurstöður eineltiskönnunar – frá nóvember 2011. Einelti í Akurskóla mælist minna en í nóvember 2010. Unnið verður frekar úr gögnum og niðurstöður kynntar fyrir starfsmönnum, foreldrum og nemendum.
2. Sala á samlokum í frímínútum - Jónína hefur verið í sambandi við Skólamat. Í undirbúningi er að hefja sölu á samlokum næsta haust. Umræða um hvort leyfa á nemendum í 6. og 7. bekk að versla í frímínútum. Fulltrúar í ráðinu á því að salan eigi að vera eingöngu í 8. – 10. bekk. Athuga með að hafa pizzur í mat á öskudag.
3. Kynntar niðurstöður fundar með foreldrum um „Hvernig við getum bætt árangur nemenda í Akurskóla“. Kynntar hugmyndir frá nemendum um Hvernig þau geti bætt árangur sinn, hvernig við stuðlum að góðum vinnuanda og bætt skólastarfið.
4. Lögð fram drög að umbótaáætlun um bættan námsárangur 2011 – 2016. Jónína sagði frá fyrirlestri Jóns Baldvins Hannessonar á ráðstefnu á vegum SKÓR.
5. Jónína dreifði aðalnámskrá grunnskóla og benti á að vinnan við FRÆ in þarf að tengjast við áherslur nýrrar aðalnámskrár.
6. Ég og þú, þú og ég, við tvö saman fyrir 4. – 7. bekk fyrirhugað 6. og 12. mars. Jónína sagði frá hugmyndum að smiðjum.
7. Næsti fundur er fyrirhugaður 16. apríl.